

Subject: Re: Fyrirspurn
From: katrin.jakobsdottir@mrn.is
Date: 20-12-2011 16:26
To: Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <vilhjalmur@mailme.dk>

Sæll,
erindið er mótttekið og svar ætti að berast innan tíðar.
K.kv., Katrín.

Katrín Jakobsdóttir ráðherra / Minister
Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet
Sölvhólsgrötu 4, IS-150 Reykjavík
Sími/Tel. (+354) 545 9500, fax (+354) 562 3068
menntamalaraduneyti.is

From: Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <vilhjalmur@mailme.dk>
To: postur@mrn.stjr.is, Katrin.jakobsdottir@mrn.is
Cc: ragnheidur.h.thorarinsdottir@mrn.is
Date: 16.12.2011 10:56
Subject: Fyrirspurn

Virðulega ráðuneyti,

Með tilvísan til símaviðtals við Ragnheiði Þórarinsdóttur í dag, langar mig til að fá upplýst, hvort lagaleg hlið byggingar tilgátuhússins "Þorláksbúðar" í Skálholti hafi fengið einhverja umræðu í menntamálaráðuneytinu nýlega. Þá á ég fyrst og fremst við hvernig leyfi var gefið til að víkja frá Þjóðminjalögum og byggja tilgátuhús ofan á friðlýstum fornleifum, sem þegar voru friðlýstar árið 1927.

Ég greini í dag frá leyfisveitingu, sem gefin var út af Fornleifavernd Ríkisins árið 2010, á fornleifa- og menningarsögulegu bloggi mínu, sem ég kalla Fornleif:
Sjá: <http://fornleifur.blog.is/blog/fornleifur/entry/1211745/>

Mér sýnist frekar ljóst, að lögbrot hafi verið framið, er leyfi var veitt til byggingar Þorláksbúðar ofan á fornum tóftum. Leyfið virðist hafa verið gefið með áður óþekktri undanþágu frá Þjóðminjalögum og tilvísun til "eldri ákvarðanna", sem ekki er talið að hægt sé að rekja. Langar mig að heyra álit Menntamálaráðuneytisins á því, hvort slík stjórnsýsla sé ásættanleg.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, Ph.D.
Fornleifafræðingur
Jelsbuen 1
2620 Albertslund